

Afdrif barna á Íslandi sem eru ættleidd erlendis frá

Þriðjudaginn 17. apríl stendur Íslensk ættleiðing fyrir kynning á rannsókninni **Afdrif barna á Íslandi sem eru ættleidd erlendis frá**.

Rannsóknin var unnin í samvinnu Barna og unglingsgeðdeildar Landspítala og Háskóla Íslands.

Efnivið rannsóknar var safnað á árunum 2005 og 2006. Niðurstöður hafa m.a. verið kynntar á þingi evrópskra barna og unglingsgeðlækna í Flórens 2007 og á þingi bandarísku barna og unglingsgeðlækna samtakanna í Chicago haustið 2008.

Þá hafa niðurstöður úr hluta rannsóknar verið birtar í Læknablaðinu í janúar 2012.

Fyrirlesarar verða **Málfríður Lorange** taugasálfræðingur og **Dagbjörg B. Sigurðardóttir** barna og unglingsgeðlæknir.

Kynningin hefst kl. 20:00 í hátíðarsal Tækniskólans við Háteigsveg.

